

## Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun Lyngheima 2019-2020

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Starfið á Lyngheimum hefur blómstrað í vetur. Allstaðar sem horft er má sjá listaverk barnanna. Sjálfsmyndir, skrímsli, faratæki, dýr, hús og fleira. Það er ævintýralegt að koma inn í leikskólan hvern dag og fylgjast með. Starfsmannahópurinn er samheldinn og allir vinna að sama markmiðinu að sinna námi og líðan barnanna.

Mikið hefur verið unnið með virðingu, umhyggju og tillitsemi sem eru Leiðarljós Lyngheima. Hver deild hefur unnið í samræmi við sinn aldur með leikinn og vináttuna.

Í vetur var sterkt starf á elstu deildinni. Þar kom inn tilraunaverkefnið með verkefnastjóra fyrir skólahópinn. Þar var unnið með umhverfislæsi og börnin fóru í ferðir um allan bæ ásamt kennurum og verkefnastjóra. Unnu verkefni tengt hverri ferð og lærðu um staðina, ný orð og fullt af nýjum fróðleik. Ferðirnar voru margar valdar út frá áhugasviði barnanna og vildu þau t.d. læra um flugvélar og skip. Þá var farið að skoða skip og flugvélar teiknaðar myndir af skipum og búnað til flugvélar sem voru hengdar upp. Börnin hafa lært að fara í ferðir, ferðast með strætó og passa uppá félagu sína í nýjum aðstæðum. Þetta verkefni var frábært og vonum við að það muni halda áfram næsta vetur.

Lyngheimar innleiddu Agastefnu Laufskála í vetur og hafa aðlagð hana að sínum leikskóla. Þetta er gott tæki til að nota við mismunandi hegðun barna. Með agastefnunni eru allir starfsmenn að nota sömu aðferðina svipaða frasa og börn og starfsfólk verður öruggara. Þetta hefur gengið vel og mun halda áfram að mótast næsta vetur.

Í vetur var samstarf milli Lyngheima, Laufskála og Fífuborgar, þá hittast elstu deildir leikskólanna og kynnst lítilliga áður en haldið er í skólann næsta haust. Gekk þetta afar vel og er stefnt að því að halda samstarfinu áfram næstkomandi vetur.

Með áframhaldandi breytingum innan húss hefur orðið til bjartari og líflegri leikskóli, þar starfar mikið af fagfólki sem við teljum vera ómetanlegt.

Foreldraráðið er ánægt með starf leikskólans og þær breytingar sem orðið hafa í vetur. Starfsfólk stendur sig vel við að sinna námi og leik barnanna ásamt því að gera námsumhverfið gott.

Hólmfríður Ásta Pálsdóttir

Jóhanna Lilja Hólm

Laufey Friðriksdóttir